

Vestmannaeyjahöfn

Hafnarvörður I

Hjá Vestmannaeyjahöfn starfa um 15 starfsmenn. Hafnarverðir starfa m.a. við leiðsögn og öryggiseftirlit við höfn ásamt ýmsum verkefnum, s.s. raða skipum í höfn, binda skip við bryggju og afgreiða vatn og rafmagn til skipa. Hafnarvörður starfar undir verkstjórn yfirhafnsögumanns/skrifstofustjóra.

Starfshlutfall: 100 %

Vinnufyrirkomulag: Vaktarvinna og afleysingar á vöktum. Starfsmaður getur þurft að standa bakvaktir og sinna útköllum utan dagvinnutíma.

Ráðningartímabil: Maí til september

Helstu verkefni: Starfsmaðurinn sinnir hafnarvörslu, vigtun sjávarafla, hafnarvernd, ásamt almennum viðhaldsverkefnum hafnarinnar. Hann sinnir einnig öðrum þeim verkefnum sem yfirmaður felur honum.

Hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur, lipur í samskiptum, stundvís og hafa góða þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Þarf að hafa bílpróf
- Enskukunnátta æskileg
- Skipstjórnar- eða vélstjóramenntun æskileg

Laun skv. kjarasamningi: Stavey/Drífandi

Upplýsingar um starfið veitir Andrés Þ. Sigurðsson í síma 892 1325 eða addisteini@vestmannaeyjar.is